



# REGLUGERÐ UM STIGAMÓT UNGLINGA

## 1. kafli

### 1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir stigamótaröð í unglingsflokkum. Mótaröðin samanstendur af Íslandsmóti unglings, Íslandsmóti unglings í holukeppni og öðrum mótum sem stjórn GSÍ ákvarðar.

### 2. gr.

GSÍ hefur yfirumsjón með framkvæmd Íslandsmóta, samanber reglugerðir um þau. Framkvæmd annarra stigamóta er á höndum viðkomandi klúbbs. Framkvæmd mótanna skal vera í samræmi við lágmarkskröfur í viðauka I.

### 3. gr.

Viðkomandi klúbbar ákveða þáttökugjöld annarra stigamóta en Íslandsmóta. Klúbburinn sem heldur mótið á hverjum tíma sér um innheimtu og þáttökugjald rennur alfarið til klúbbsins.

### 4. gr.

Mótsstjórn ákveður skráningarfrést í stigamótum, en getur þó heimilað þátttöku, berist tilkynning síðar enda hafi hámarksfjölda þátttakenda ekki verið náð.

### 5. gr.

Almennir keppnisreglur og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótunum. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisreglur skulu vera fyrir hendi þegar á æfingadegi. Öll notkun tóbaks, þ.m.t. munntóbaks, er bönnuð í klúbbhúsum og á keppnisvelli.

## 2. kafli

### 6. gr.

Hvert stigamót að Íslandsmóti í holukeppni undanskildu skal vera að minnsta kosti 54 holu höggleikur án forgjafar. Skylt er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst einn dag fyrir mót. Stjórn GSÍ ákveður hvaða mót, til viðbótar Íslandsmótum, skuli teljast stigamót unglings.

Að loknum 36 holum skal leikmönnum fækkað þannig að 70% leikmanna sem eru með besta skor í hvorum flokki halda áfram keppni. Séu tveir eða fleiri leikmenn á jafnir með hæsta skor þeirra sem halda áfram skulu þeir báðir/allir leika áfram.



## 7. gr.

Keppt skal í eftirtöldum flokkum:

Stúlkur 15-18 ára – Hámarksforgjöf 20,0 – Lengd vallar skal vera á bilinu 4.600 – 5.300 metrar

Piltar 15-18 ára – Hámarksforgjöf 20,0 – Lengd vallar skal vera á bilinu 5.400 – 6.000 metrar.

Einnig skulu veitt sérstaklega verðlaun fyrir besta árangur í eftirtöldum aldursflokkum:

Stúlkur 15-16 ára

Stúlkur 17-18 ára

Piltar 15-16 ára

Piltar 17-18 ára

Ef kylfingur 14 ára eða yngri uppfyllir forgjafarviðmið GSÍ fyrir 15 ára afrekskylfing þá hefur hann heimild til að keppa í flokki 15-18 ára. Lægsta forgjöf kylfingsins á árinu er notuð til viðmiðunar. Ef kylfingur vill nýta undanþáguna skal viðkomandi hafa samband við mótanefnd GSÍ ([motanefnd@golf.is](mailto:motanefnd@golf.is)) til að fá staðfestingu á heimildinni. Kylfingurinn ber ábyrgð á því á að upplýsa mótsstjórn hvers móts að hann vilji nýta undanþáguna.

Aldur miðast við almanaksár.

Mótsstjórnnum er heimilt að setja hámarksfjölda keppenda í hverjum flokki. Ákvörðun um hámarksfjölda og teiga skal kynnt í keppnisskilmálum.

## 8. gr.

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta æfingadegi.

Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir í efsta sæti í flokknum 15-16 ára og 17-18 ára skal skera úr um úrslit með eftirfarandi hætti. Ef sömu keppendur leika í bráðabana þá ræður bráðabaninn úrslitum. Ef þeir leika ekki í bráðabana skal skor á síðustu 36 holunum ráða. Ef keppendur eru enn jafnir skal skor á síðustu 18 holunum ráða, svo síðustu 9 holum vallarins (holar 10-18), svo síðustu 6 holum vallarins (holar 13-18), síðan síðustu 3 holum vallarins (16-18) og að lokum skor á 18. holu. Séu keppendur þá enn jafnir skal hlutkesti ráða hver hlýtur viðurkenningu fyrir besta árangur.

## 9. gr.

Stig eru reiknuð eins og fram kemur í viðauka II.

Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir skiptast þau stig sem til falla jafnt milli keppenda.

Í þeim tilvikum þegar leikið er um einstök sæti skulu stig sem tilheyra því sæti fara óskert til þess keppanda sem hlýtur sætið.

## 10. gr.

Stigameistarar í flokki stúlkna og pilta í hvorum aldursflokki eru þeir kylfingar sem eru efstir



að samanlögðum stigum eftir lokamót keppnistímabilsins í flokkum 15-16 ára og 17-18 ára. Ef tveir eða fleiri eru jafnir telst sá sigurvegari sem efstur hefur orðið í fleiri mótum. Ef enn er jafnt teljast þeir báðir eða allir sigurvegarar.

**11. gr.**

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ.

*Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 28. apríl 2025*



## VIÐAUKI I

### Kröfur um framkvæmd og umgjörð

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til mótsstjórnar um framkvæmd og umgjörð mótanna.

#### 1. Fánar

Á mótstað skal flagga a.m.k. íslenska fánanum, fána klúbbsins þar sem mótið fer fram og fána GSÍ.

#### 2. Ræsing

Fulltrúi mótsstjórnar skal sjá um ræsinguna allra ráshópa.

#### 3. Skil skorkorta

Afmarka skal sérstakt skilasvæði skorkorta (helst lokað herbergi). Þar skal fulltrúi mótsstjórnar taka á móti öllum leikmönnum að leik loknum og aðstoða þá við frágang skorkorta. Starfsmaðurinn skal m.a. bera skor leikmanna undir þá og tryggja að engu sé ábótavant í útfyllingu skors og undirritun skorkorta.



## VIÐAUKI II Stigatöflur

Sæti	Íslandsmót í golfi	Íslandsmót í holukeppni	Önnur stigamót
1	1500	1200	1000
2	1050	840	700
3	825	660	550
4	675	540	450
5	600	426	400
6	540	426	360
7	495	426	330
8	450	426	300
9	405	252	270
10	375	252	250
11	345	252	230
12	323	252	215
13	300	252	200
14	278	252	185
15	255	252	170
16	240	252	160
17	225		150
18	210		140
19	195		130
20	182		121
21	170		113
22	159		106
23	150		100
24	143		95
25	137		91
26	131		87
27	126		84
28	122		81
29	117		78
30	113		75
31	108		72
32	104		69
33	99		66
34	95		63
35	90		60
36	87		58
37	84		56
38	81		54



Sæti	Íslandsmót í golfi	Íslandsmót í holukeppni	Önnur stigamót
39	78		52
40	75		50
41	72		48
42	69		46
43	66		44
44	63		42
45	60		40
46	57		38
47	54		36
48	51		34
49	48		32
50	45		30
51	42		28
52	39		26
53	36		24
54	33		22
55	30		20
56	29		19
57	27		18
58	26		17
59	24		16
60	23		15
61	21		14
62	20		13
63	18		12
64	17		11
65	15		10
66	14		9
67	12		8
68	11		7
69	9		6
70	8		6